

## Bygging skáldsögu

Unnið úr bókinni Orðagaldur (bls. 71-83) eftir Brynju Baldursdóttur og Hallfríði Ingimundardóttur

## Frásagnaraðferð/sjónarhorn

- Saga er sögð af einhverjum. Einhver tekur sér stöðu og lýsir atburðum fyrir lesanda. Staða eða sjónarhorn sögumanns getur verið með ýmsu móti.
- Algengustu sjónarhornin eru þessi:
  - Sögumaður er alvitur. Hann er alls staðar, veit allt sem gerist og sér inn í hug allra
  - Sögumaður hefur takmarkaða vitneskju. Hann sér einungis inn í huga einnar eða fárra persóna
  - Sögumaður er sjálfur þátttakandi í atburðarrásinni og segir frá í 1. persónu

## Persónusköpun og persónulýsingar

- Allar sögur standa og falla með persónum sínum. Takist höfundir ekki að skapa persónur sem lesanda fellur í geð er líklegt að hann hætti lestri. Oftast er aðalpersóna kynnt í upphafi sögu og oftast en ekki fær lesandinn að sjá nýjar hliðar á henni í hverjum kafla. Þá er verið að tala um útlit, hugsanir, hegðun og hvað henni líkar eða mislíkar. Upplýsingarnar koma til lesanda einkum á tvennan hátt, með beinum og óbeinum lýsingum.

## Persónusköpun og persónulýsingar

- Beinar lýsingar: Sögumaður veitir sjálfur upplýsingar um persónur án milliliða. Alvitur sögumaður getur lýst öllum persónum á þennan hátt, bæði utan frá og innan. Sögumaður í 1. persónu frásögn segir frá sjálfum sér innan frá en öðrum persónum utan frá. Beinar lýsingar ná yfir allt sem varðar persónurnar útlit, framkomu og hátterni.

## Persónusköpun og persónulýsingar

- Óbeinar lýsingar: Þar sem sögupersónur lýsa sér sjálfum eða hver annarrí. Þessi gerð persónulýsingar getur verið á mismunandi vegu, eftir því hvað persóna segir um sjálfa sig, hvernig hún hagar sér, samband hennar við aðrar persónur, hvað aðrar persónur segja um hana og svo framvegis.

## Flétta

- Þegar lesandi svarar skilmerkilega spurningunni „Um hvað fjallar sagan“? er hann að segja hver flétta sögunnar er, eða söguþráðurinn. Það er að segja hvernig persónur, atburðir og tími fléttast saman í sögu.
- Flétta er sem sagt atburðarás sögu í þeirri röð sem atburðirnir koma fyrir, tengd tilteknum persónum, tilteknum stað og tilteknum tíma.

## Flétta

- Fléttan á sér tvær mismunandi gerðir:
  - Ytri gerð: Þar er átt við skiptingu sögu í frásagnareiningar, til dæmi kaflaskipting.
  - Innri gerð sem skiptist í þrennt
    - Kynningu
    - Flækju
    - Lausn

## Flétta-Innri gerð

- Kynning: Aðstaður og persónur eru kynntar til sögunnar. Þetta getur gerst allt í fyrsta kafla eða fyrstu köflum en eins er í sumum sögum verið að kynna persónur og aðstaður jafnóðum út mest alla söguna.
- Flækja: Þar kemur fram hvað greinir persónur í sundur. Hún rekur hín raunverulegu átök sögunnar, felur í sér spennu hennar og rís.
- Lausn: Þá er átt við niðurstöðu flækjunnar, átökum linnir, mál leysast og jafnvægi kemst á.